



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MEISTARAR BAROKKSINS

5. DESEMBER
2019



Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Hljómsveitarsvíta nr. 4: 20'

Alster-svíta: 30'

Le Bourgeois gentilhomme: 20'

Les Indes galantes: 20'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Aðalstyrktaraðili

GAMMA



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

ADVENTUTÓNLEIKAR Í ELDBORG

MEISTARAR BAROKKSINS

Sinfóníuhljómsveit
Íslands

Maxim Emelyanychev
hljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Johann Sebastian Bach

Hljómsveitarsvíta nr. 4 í D-dúr, BWV 1069 (um 1725)

Ouverture

Bourrée I-II

Gavotte

Menuet I-II

Réjouissance

Georg Philipp Telemann

Alster-svíta í F-dúr, TWV 55:F11 (eftir 1721)

Ouverture

Die kanonierende Pallas (Fallbyssuskot Pallasar)

Das Álster-Echo (Alster-bergmál)

Die Hamburgischen Glockenspiele (Klukkuspilin í Hamborg)

Der Schwanen Gesang (Svanasöngur)

Der Álster Schäffer Dorff Music (Tónlist fjárhirðanna)

Die konzertierenden Frösche und Krähen

(Froskar og krákur halda konsert)

Der ruhende Pan (Pan hvílist)

Der Schäffer und Nymphen Eilfertiger Abzug

(Hirðar og dísir hafa sig á brott í skyndi)

HÍÉ

Jean-Baptiste Lully

Le Bourgeois gentilhomme, LWV 43, þættir úr svítu (1670)

Ouverture

Deuxième air, úr Second Intermède (Öðru millispili)

Premier Intermède (Fyrsta millispil)

Gravement – Sarabande – Bourrée – Gaillarde – Canarie

Marche pour la cérémonie des Turcs

(Viðhafnarmars Tyrkjanna)

Jean-Philippe Rameau

Les Indes galantes, þættir úr svítu (1735–36)

Entrée des quatre nations dans la cour d'Hébé

(Fulltrúar þjóðanna fjögurra ganga fyrir Hebu)

Rigaudon I-II

Air gracieux pour les amours (Þokkafullt ástalag)

Air pour les esclaves affricains (Lag afrísku þrælanna)

Tambourin I-II

Air pour l'adoration du soleil (Lag sólarhyllingarinnar)

Chaconne



MAXIM EMELYANYCHEV

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Rússinn Maxim Emelyanychev er aðeins liðlega þrítugur að aldri en hefur þegar getið sér gott orð sem pianisti, sembaliikari og hljómveitarstjóri. Hann stundaði nám við Tónlistarháskólann í Nízhnij Novgorod og síðar við Tónlistarháskólann í Moskva þar sem hann sótti tíma í hljómveitarstjórn hjá Íslandsvininum Gennadj Rozhdestvenskij. Árið 2013 varð Emelyanychev aðalstjórnandi tónlistarhópsins Il Pomo d'Oro sem sérhæfir sig í flutningi barokktónlistar og klassíkur. Hópurinn hefur gefið út nokkra hljómdiska á vegum Erato-útgáfunnar, meðal annars tvo diska með pólska kontratenórnum Jakub Józef Orliński, sem vakið hafa verðskuldaða athygli, og rómaðan disk með bandarísku mezzósópran-söngkonunni Joyce DiDonato, *In War and Peace*, sem hlaut verðlaun breska tímaritsins *Gramophone*.

Emelyanychev var ekki nema tólf ára þegar hann steig fyrst á stjórnendapall og hann fékk í kjölfarið ýmis tækifæri til að stjórna hljómveitum í heimalandi sínu. Árið 2014 var honum boðið til Sevilla að stjórna óperu Mozarts *Don Giovanni* við óperuhúsið þar og tveimur árum síðar stjórnaði hann *Brottnáminu úr kvennabúrinu* við óperuna í Zürich. Fyrir á þessu ári þreytti hann frumraun sína við Glyndebourne-óperuna á Englandi í óperunni *Rinaldo* eftir Händel með Orliński í titilhlutverkinu, og í haust kom Emelyanychev í fyrsta sinn fram í Konunglegu óperunni í Covent Garden þegar hann stjórnaði flutningi á annarri Händel-óperu, *Agrippinu*, þar sem DiDonato var í titilhlutverki. Hann hlaut í ár Alþjóða óperuverðlaunin (International Opera Awards) í flokknum Nýliði ársins.

Í upphafi þessa starfsárs tók Emelyanychev við stöðu aðalstjórnanda Skosku kammersveitarinnar en hann hefur að undanfögnu einnig komið fram með Þjóðarhljómveitinni í Lyon, Konunglegu filharmóníusveitinni í Lundúnum, Sinfóníuhljómveitinni í Antwerpen, Sinfóníuhljómveitinni í Tokyo og Filharmóníusveit Sankti Pétursborgar, svo einhverjar séu nefndar. Þetta er í fyrsta sinn sem Emelyanychev stjórnar Sinfóníuhljómveit Íslands.



JOHANN SEBASTIAN BACH

HLJÓMSVEITARSVÍTA NR. 4 Í D-DÚR

Ólíkt því sem er um Telemann, hafa einungis varðveist fjórar hljómsveitar svítur frá hendi Johanns Sebastians Bach (1685–1750). Hér kann að skipta máli að Telemann var mikill frumkvöðull í nótnaútgáfu og sá til þess að mörg verka sinna gengju á þrykk, en verk Bachs dreifðust hins vegar í handritum sem áttu það til að fara forgörðum. Þannig er ekki vitað með vissu hvenær hljómsveitar svítur hans urðu til en elstu varðveittu handrit þeirra eru frá þeim tíma er Bach var kominn til Leipzig. Þangað fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni vorið 1723 til þess að taka við kantorsstöðu við Tómasarkirkjuna. Í Leipzig starfaði hljómsveit, Collegium Musicum, sem Telemann hafði einmitt komið á fót þegar hann starfaði í borginni tveimur áratugum fyrr. Hljóðfæraleikararnir komu margir úr hópi stúdenta við háskólann í Leipzig og hljómsveitin lék vikulega á einu stærsta kaffihúsi borgarinnar. Líklegt þykir að Bach hafi gengið til liðs við sveitina fljótlega eftir komu sína til Leipzig og víst er að árið 1729 varð hann stjórnandi hennar. Á hinum vikulegu tónleikum var flutt veraldleg tónlist af ýmsu tagi, bæði söngverk og hljóðfæramúsík. Þarna hljómduðu mörg af verkum Bachs sjálfs, þar á meðal hljómsveitar svítur.

Hljómsveitar svítur Bachs eru úrvals dæmi um svítur byggðar á hinum franska stíl þar sem öguð formfegurð er í fyrirrúmi. Hjá Bach er upphafsþátturinn í svítunum mjög stílfærð útgáfa á hirðdansinum allemande en yfirskriftin er þó einfaldlega ouverture eða forleikur (og reyndar hafði Bach það heiti um svítuna í heild). Forleikurinn er lengstur af þáttunum og hefur samhverfa byggingu; hann hefst á tignarlegum kafla, þá kemur hraðari millikafla en svo er stefjafni upphafsins tekið fram að nýju. Á eftir forleiknum raðast svo styttri þættir sem bera heiti hirðdansa og það er breytilegt frá svítu til svítu hvaða dansa Bach velur. Í fjórðu svítunni raðar hann saman bourrée, gavottu og menúett áður en verkinu lýkur á hröðum gleðidansi, réjouissance. Dansarnir voru upprunalega þjóðdansar, fjörugir dansar sveitafólks, en þeir fengu á sig annan og stílfærðari blæ við frönsku hirðina — meðal annars hægðist yfirleitt mjög á þeim! Í meðförum tónskálda eins og Bachs er þessi efniviður færður á enn annað stig svo úr verður listilega ofin konserttónlist.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjórða hljómsveitar svíta Bachs var á dagskrá kammertónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Gamla bíói í nóvember árið 1983 og stýrði þýski hljómsveitarstjórinn Klauspeter Seibel flutningnum. Kammersveit Reykjavíkur flutti allar fjórar svítur Bachs á jölatónleikum sínum í Langholtskirkju árið 2000 undir stjórn Reinhards Goebel og gaf þær út á geisladiski í kjölfarið. Sveitin endurtók svo leikinn á Listahátíð 2012, á tónleikum í Eldborg undir stjórn Richards Egarr.



GEORG PHILIPP TELEMANN

ALSTER-SVÍTA Í F-DÚR

Svítur barokktímans eru af frönskum rótum runnar – eða réttara sagt frá dálæti frönsku hirðarinnar á dansi þar sem Loðvík 14., sólkonungurinn sjálfur, fór fremstur í flokki ásamt tónskáldi sínu, Lully. Við hirðina þóttu leiksýningar og óperur varla boðleg skemmtun nema á undan þeim færi eins konar forleikur, dans með viðeigandi tónlist, og stundum var einnig dansað milli þátta. Þessa balletþætti mátti svo draga saman í svítur sem leiknar voru án þess að dans fylgdi. Þannig varð til ný tegund hljóðfæratónlistar sem nauð mikilla vinsælda á síðari hluta sautjándu aldar og fram eftir þeirri átjándu. Þjóðverjinn Georg Philipp Telemann (1681–1767), sem var maður nýjunga og fjölbreytni, tók þessu nýja formi fagnandi og sendi frá sér hljómsveitarsvítur í hundraðavis á sínum langa og gifturíka tónsmíðaferli. Hin miklu afköst Telemanns hafa stundum orðið til þess að lítið er gert úr inntaki verkanna og listrænu framlagi tónskáldsins. Þá er látið að því liggja að slík fjöldaframleiðsla gefi ekki færi á ferskleika og snilld heldur hljóti tónskáldið að endurtaka sömu lummurnar. Í seinni tíð hafa þessi viðhorf verið endurmetin og víst er að tónverk eins og *Alster-svítan* taka af öll tvímæli um hæfileika Telemanns.

Svítan er kennd við eina af þverám Saxelfar, Alster, sem rennur gegnum Hamborg. Telemann tók við stöðu yfirmanns tónlistarmála Hansaborgarinnar árið 1721, þegar hann stóð á fertugu. Hann átti þá að baki farsælan feril við hirðirnar í Sorau og Eisenach og sem tónlistarstjóri í Frankfurt am Main. Hann starfaði í Hamborg til dauðadags og samdi fjölda tónverka af öllu tagi og við hvers kyns tilefni. *Alster-svítan* er að líkindum samin fyrir einhver opinber hátíðahöld í borginni en það er ekki vitað hvenær hún varð til. Hún hefst á forleik í frönskum stíl og í þáttunum sem á eftir fylgja lýsir tónskáldið í tónum ýmsum fyrirbærum í borgarumhverfinu. Hér er til að mynda þáttur um klukkuspilin í borginni, þokkafull sarabanda til heiðurs svönum, þáttur sem vísar í tónlist fjárhriða í grenndinni og óborganlegur þáttur þar sem hermt er eftir froskum og krákum við ána. Í tónlistinni kemur ýmislegt á óvart; froskapátturinn einkennist af ómstríðum tónbilum og notkun á smástígum tónstiga (krómatík) og í fjárhriðapættinum má einnig heyrja óvenjulegan skala, lýðískan tónstiga með lítilli sjöund, sem áheyrendur nútímans kannast ef til vill fremur við úr djasstónlist. Hér er því engin fjöldaframleiðsla á ferðinni heldur bráðskemmtileg tónlist, full af hugmyndaauðgi og húmor.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alster-svítan hefur ekki áður hljómað á tónleikum á Íslandi en á aðventutónleikum í Háskólabíói árið 2004 lék Sinfóníuhljómsveit Íslands aðra svítu eftir Telemann, Hamburger Ebb' und Fluth, þar sem tónskáldið dregur einnig upp skemmtilegar tónmyndir af borginni.



JEAN-BAPTISTE LULLY

LE BOURGEOIS GENTILHOMME, ÆTTIR ÚR SVÍTU

Le *Bourgeois gentilhomme* (Uppskafningurinn) er eitt af síðustu leikritum Molières, samið árið 1670 og frumsýnt í október það ár við hirð Loðvíks 14. Verkið er svokallaður *comédie-ballet*, blanda af gamanleik og balletti með viðeigandi tónlist. Á frumsýningunni lék Molière sjálfur aðalhlutverkið, herra Jourdain, miðaldra vitgrannan mann af borgaraættum sem þráir það heitt að vera álitinn aðalsmaður. Í leiknum er hæðst að snobbi hans og tilraunum til að temja sér síði yfirstéttarinnar. Hann lætur sig meira að segja dreyma um að kvænast inn í aðalsstétt, þótt hann eigi skynsemdarkonu fyrir, og vill gefa dóttur sína aðalsmanni. Hún er aftur á móti ástfangin af manni af sínu standi sem tekst að blekkja Jourdain með því að þykjast vera sonur Tyrkjasoldáns. Jourdain heitir honum þá dóttur sinni og verður uppnuminn þegar „soldánssonurinn“ tjáir honum að mægðunum fylgi tyrknesk aðalstign honum til handa. Blásið er til virðulegrar athafnar þar sem Jourdain er aðlaður að tyrkneskum hætti — en það er auðvitað allt í plati. Athöfnin sú hefst á viðhafnarmarsi sem að líkindum er þekktasta tónlistaratriðið úr verkinu og er meðal þeirra sem hljóma á tónleikunum í kvöld. Marsinn er í upphöfnum stíl eins og hæfir plat-tilefninu og ýmis slagverkshljóðfæri sjá um að ljá honum „tyrkneski“ yfirbragð.

Tónskáldið var enginn aukvisi, sjálfur Jean-Baptiste Lully (1632–1687) sem fæddur var á Ítalíu en kom ungur til Frakklands og ílentist þar. Þegar þarna var komið sögu hafði Lully verið hirðtónskáld sólkonungsins í næstum tvo áratugi. Hann var þrautreyndur í að semja ballettónlist fyrir hirðina og hafði unnið áður með Molière að gamanleikjaballettum. Það hentaði honum vel, því hann var ekki einungis tónskáld og hljóðfæraleikari heldur einnig dansari, og sté meira að segja á svið í frumuppfærslunni á *Le Bourgeois gentilhomme* til þess að dansa í viðhafnarmarsi Tyrkjanna. Ævintýri herra Jourdain mörkuðu þó endalok samstarfs Lullys og Molières og skömmu síðar tók Lully að sér að stýra hinni konunglegu óperu, Parísaróperunni, og varð mikilvirkt óperutónskáld. Hann samdi nýja óperu á hverju ári og mótaði hina frönsku óperuhéð með því að laga óperuformið, eins og það hafði þróast á Ítalíu, að ballettarfleifið Frakka. Í frönskum óperum var því dansatriðum gert hátt undir höfði og þannig þróaðist hljóðfæratónlist sem meðal annars fann sér farveg í hljómveitarsvítum, formi sem barst langt út fyrir landamæri Frakklands.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómssveit Íslands hefur ekki áður flutt svítu Lullys en Kammersveit Reykjavíkur flutti kafla úr henni á jölatónleikum sínum þann 18. desember 1988. Þess má til gamans geta að nemendur Menntaskólans í Reykjavík settu leikritið Uppskafninginn upp á Herranótt 1956 og nemendur Fjölbautaskólans í Breiðholti léku það svo eftir þeim árið 1979. Bernharður Guðmundsson fór með hlutverk herra Jourdain á Herranótt en hann er faðir Svövu Bernharðsdóttur víóluleikara í Sí.



JEAN-PHILIPPE RAMEAU

LES INDES GALANTES, ÆTTIR ÚR SVÍTU

Jean-Philippe Rameau (1683–1764) tók við merki Lullys og varð eitt helsta óperutónskáld Frakka á 18. öld. Hann auðgaði formið með nýstárlegum hljómaferlum og hugmynda- ríkri notkun hljóðfæraanna í hljómsveitinni. Óperur hans voru bæði vinsælar og umdeildar á sínum tíma en dattu svo úr tísku. Þegar farið var að flytja þær aftur á síðustu öld vakti það athygli hve tónlistin er frumleg og fersk.

Rameau kom seint að óperunni; framan af ævi starfaði hann sem organisti og skóp sér auk þess orðstír sem tónlistarfræðingur með ritinu *Traité de l'Harmonie* (Ritgerð um hljómfærði) sem lengi var undirstöðurit í tónfræði. Hann stóð á fimmtugu þegar hann samdi sína fyrstu óperu, *Hippolyte et Aricie* – harmleik í tónum, árið 1733. *Les Indes galantes* fylgdi svo fast á eftir og var frumsýnd 1735. Verkið er *opéra-ballet*, eins konar röð sjálfstæðra þátta með dansatriðum og sögusviðið er exótískt: þættirnir gerast í Tyrklandi, á hátíð sólarinnar hjá Inkum í Perú, í kvenna- búi í Persíu og meðal indjana Norður-Ameríku. Staðarvalið ber vott um það aðdráttarafl sem framandi lönd hafa löngum haft fyrir Evrópumenn og þær staðalímyndir sem þeim er gjarnt að yfirfæra á íbúa þeirra. Verkið hefst á inngangi sem gerist í höll æskugyðjunnar Hebu. Hún hvetur unga menn frá fjórum Evrópulöndum, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Póllandi, til þess að gefast yndi ástarinnar á vald. En þeir ganga í staðinn stríðs- gyðjunni Bellonu á hönd og halda burt til að vinna sér orðstír í bardögum. Þegar Heba skorar á ástarguðinn sjálfan að beita sér í málinu beinir hann sjónum frá Evrópu og að fjarlægari ströndum — og þar með getur leikurinn hafist fyrir alvöru því tilgangur verksins er nefnilega að lofsyngja mátt ástarinnar um veröld víða.

Les Indes galantes var ekki vel tekið í upphafi, sönglutverkin þóttu rýr og líbrettóið afleitt, svo Rameau hófst strax handa við að endurbæta verkið. Það naut vaxandi hylli í sinni nýju gerð og var fært upp hvað eftir annað en féll svo í gleymsku. Óperan heyrðist ekki aftur fyrr en líða tók á 20. öld en þykir nú eitt besta verk tónskáldsins. Hljóðfæratónlistin í henni er afbragð, fjölbreytt og glæsilega smíðuð, og það eru kaflar úr henni sem hljóma hér í kvöld.

Svanhildur Óskarsdóttir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þættir úr *Les Indes galantes* voru fluttir á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í fyrra undir stjórn belgíska hljómsveit- arstjórans Dirks Vermeulen. Þar áður hljómaði verkið á kammer- tónleikum sveitarinnar í Gamla bíói 5. apríl 1984 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat, og var það frumflutningur þess hérlendis, en rúmum fjórum árum síðar flutti Kammersveit Reykjavíkur kafla úr svítunni á jólatónleikum sínum. Óperunnar var reyndar getið í íslensku dagblaði löngu fyrr, því árið 1957 birtí Vísir frétt um opin- bera heimsókn Elísabetar Breta- drottningar og Filippusar prins til Parísar. Fréttin snérist fyrst og fremst um þau fjárútlát sem heimsóknin hafði í för með sér og blaðið nefnir að um 23 milljónum króna hafi verið varið til endurbóta á óperuhöllinni í Versölum þar sem Elísabet og Filippus sáu einmitt uppfærslu á *Les Indes galantes*.

ADVENTA OG NÝÁR MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINNI

LAV 14 DES SUN 15 DES 14:00 & 16:00



JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir á Jólatónleikum Sinfóníu-
hljómssveitar Íslands þar sem gömul og ný jólatónlist verður flutt
af hljómssveitinni ásamt fjölda ungra listamanna. Tónleikarnir
hafa notið verðskuldaðrar hylli og eru á meðal vinsælustu
tónleika sveitarinnar. Á Jólatónleikum hljómssveitarinnar í ár
hljómar tónlist frá ýmsum löndum sem hefur verið ómissandi í
jólahaldi í gegnum tíðina.

Einsöngvarar á tónleikunum eru Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Kolbrún Völkur-
dóttir. Hljómssveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason
en kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af
Halldóru Geirharðsdóttur, sem tendrar ljós í hverju hjarta.
Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara.
Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

FIM 09 JAN 19:30 FOS 10 JAN 19:30
LAV 11 JAN 16:00 & 19:30



VÍNARTÓNLEIKAR 2020

Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða
á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlægum
tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar
Sinfóníu-
hljómssveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda
um árabíl. Þeir hefjast ávallt á forleik Johanns Strauss að
Leðurblökunni og þeim lýkur á *Dónárvalsinum* fræga. Inn á milli
hljóma vinsælar óperettuaríur og dúettar sem koma öllum í
gott skap. Einnig verður leikin leiftrandi og skemmtileg tónlist
eftir tvær konur sem stóðu framarlega meðal tónskálda á síðari
hluta 19. aldar en voru svo flestum gleymdar þar til nýlega:
Mélanie Bonis og Amy Beach. Dansarar stíga einnig á svið og ljá
tónleikunum einstakan hátíðarblæ.



Einsöngvarar á Vínartónleikunum eru Jóna G. Kolbrúnardóttir
sem stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og í Vínar-
borg og hlaut mikið lof fyrir frammistöðu sína í ævintýra-
óperunni Hans og Grétu hjá Íslensku óperunni og Garðar Thor
Cortes sem hefur vakið mikla hrifningu fyrir söng sinn bæði
hér heima og erlendis. Bjarni Frímánn Bjarnason hefur vakið
verðskuldaða eftirtekt fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika
og stjórnar nú í fyrsta sinn Vínartónleikum Sinfóníunnar.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

5. DESEMBER 2019

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pascal La Rosa
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Justyna Bidler
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. FIÐLA

Páll Palomares
Benedikte Damgaard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Roland Hartwell
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Łucja Koczot

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Xun Yang
Richard Korn
Jacek Karwan

FLAUTA

Martial Nardeau
Magnea Árnadóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Eggert Pálsson

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frímann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótta*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

ÁH

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

TÓNLIST LÍÐINNA ALDA

ÍSLENSK HANDRIT
1100–1800

Íslensk tónlist fyrr á öldum var blómleg og fjölbreytt. Á miðöldum voru jafnan til í landinu á annað þúsund handskrifðar söngbækur sem notaðar voru við kirkjur og klaustur landsins. Með tilkomu nýs síðar, pappirs og safnaðarsöngs var fjöldi bóka ritaður þar sem safnað var saman lögum til að eiga og geyma eða syngja á heimilum. Þrátt fyrir að mikið af þessum handritaarfi hafi tapast er það sem þó hefur varðveist fjölbreytt og efnismikið. Handritin bera vitni um alþjóðlegt og þróttmikið tónlistarlíf. Hér er þeim lokið upp og við blasir nýr kafli í íslenskri menningarsögu.

HLJÓDRITANIR
Á EFNI UM BÓKINNI
ERU AÐGANGILEGAR
Á SPOTIFY
LETTANORD: TÓNLIST
LÍÐINNA ALDA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

9. - 11. JAN

Óperettutónlist og valsar eftir **Johann Strauss yngri, Franz Lehár, Pjotr Tsjajkovskij, Mélanie Bonis, Amy Beach** og fleiri.

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Garðar Thor Cortes
einsöngvari

Í upphafi nýs árs er tilvalið að skála í kampavíni og hlýða á glaðværa Vínartónlist í ætt við þá sem hljómar á árlegum tónleikum Vínarfílharmóníunnar á nýársdag. Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa notið mikilla vinsælda um árabil.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI [SINFONIA.IS](https://sinfonia.is)



Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / #sinfó